

A 1764/presidiet

Flytjandi Kari Kulmala og Kimmo Kivelä
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að skipa nefnd um Evrópusambandsmál og varnarmál**Tillaga**

Kari Kulmala og Kimmo Kivelä leggja til að

Norðurlandaráð ákveði

að skipuð verði nefnd í Norðurlandaráði um Evrópusambandsmál og varnarmál.

Bakgrunnur

Evrópusambandsmál og varnarmál hafa orðið æ meira knýjandi á Norðurlöndum upp á síðkastið. Brexit hefur gert það að verkum að samstarfið um málefni Evrópusambandsins hefur fengið aukna þýðingu. Ástandið í öryggismálum umhverfis Eystrasalt og víðar í Evrópu er ótryggt og hefur aukið vægi varnarmála. Sjálfsagt er að norrænu löndin starfi saman innan Evrópusambandsins vegna svipaðra hagsmuna þeirra og samfélagsgerðar. Þrátt fyrir að Norðurlandaráð hafi ráðið starfsmann í Evrópusambandsmálum til Brussels er tilviljunum háð hvernig fjallað er um málefni sambandsins í Norðurlandaráði og afstöðu norrænu landanna til þeirra. Ekki eiga öll löndin aðild að ESB en þau lönd sem standa utan sambandsins hefðu einnig gagn af því að geta haft áhrif á stefnumótun þess með atbeina Norðurlandaráðs. Norðurlandaráð gæti tekið forystu við mótun samnorrænnar stefnu í málefnum Evrópusambandsins og varnarmálum.

Þörfin á varnarmálasamstarfi hefur einnig aukist á Norðurlöndum. Sem stendur fjallar forsætisnefndin um varnarmál í hringborðsumræðum en þær eru ekki haldnar nema nokkrum sinnum á ári. Á þingum Norðurlandaráðs er lögð fram skýrsla um samstarf í varnarmálum innan NORDEFCO. Jafnframt hafa ýmsir flokkahópar flutt þingmannatillögur sem snerta varnarmál. Eigi að síður ættu varnarmál að fá reglulegri umfjöllun í ráðinu og vera oftár á dagskrá en verið hefur með tilliti til þess að öryggisástand á svæðinu hefur versnað og samstarf í varnarmálum fer vaxandi.

Utanríkismál eru nú um stundir á könnu forsætisnefndar Norðurlandaráðs en helsta hlutverk hennar er samt sem áður að fara með vald ráðsins milli þinga. Þegar Norðurlandaráð var stofnað komu Sovétríkin í veg fyrir að ráðið gæti fjallað um utanríkismál en sú fyrirstaða er ekki lengur fyrir hendi. Þá hefur ítrekað verið bent á að þörf sé fyrir ítarlegri umfjöllun um utanríkismál.



Með helstu verkefnum nefndar um Evrópusambandsmál og varnarmál yrði að beina tilmælum til ríkisstjórna norrænu landanna um ýmis mál sem varða starfssvið nefndarinnar.

Helsinki, 4. apríl 2018

Kari Kulmala (Blárri framtíð)

Kimmo Kivelä (Blárri framtíð)